

Ed.

609. Nefndarálit

[153. mál]

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir litum svo á, að mál þetta þurfi enn ýtarlegri athugun, áður en ákvörðun verður tekin um það. Fyrir því leggjum við til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki þykir rétt eða tímabært, að Alþingi taki ákvörðun um það nú, hvort eða hvernig leyfa skuli dragnótaveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. júní 1960.

Jón Árnason,
form., frsm.

Eggert G. Þorsteinsson,
fundaskr.

Björn Jónsson.